

BYGGINGARLÝSING

Varmadælustöð Hlíðarvegur 10 Staðgreinir

Byggingin hýsir varmadælustöð, sem vinnur varma úr 3-4 borholum á lóðinni. Meginhluti hússins er um 7 m á hæð og hýsir vélasal og spennarými á 1. hæð og stjórn- og loftræsi-rými á 2. hæð, auk rafbúnaðar-rýma á báðum hæðum. Í lítilli úbyggingu eru anddyri og ammoniaksklefi.

Burðarvirki

Undirstöður, botnplata, útveggir, súlur, milligólf og stigi eru staðsteypt. Pakplata er úr forsteyptum holplötum. Léttilir veggflekar í vélasal eru byggðir upp úr stáli og timbri.

Einangrun

Undirstöður og grunnplata eru einangruð með 75 mm einangrun. Útveggir eru einangraðir að utan með 100mm steinull. Pak er einangrað með 200 mm frauðplastí. Gluqqar eru með k-

Frágangur að utan

Húsið er að mestu klætt með keramikflisum. Afmarkaðir fletir eru klæddir með litadri álklaðningu, sem einnig kemur á léttu veggfleka. Gluggar og útihurðir eru úr áli. Í vélasal og ammoniaksklefa eru aksturhurðir úr stálsamlöku-einingum. Pak er klætt með tvöföldum asfaltútk undir polystyren-einangrun og með fargi af úthagatorfi.

Frágangur að innan

Útveggir, steyptir innveggir og loft eru máluð. Gólf eru með flisum í anddyri og á snyrtingu. Gólf í vélasal og rafbúnaðarrýmum eru með epoxy-kvarts eða máluð. Gólf í spennarýmum eru máluð. Gluggar milli rýma eru stálguggar. Innihurðir eru almennt eldvarnarhurðir úr stáli í vélasal er stálpallur fyrir loftræsing og stálstigi. Allt stál er málað.

Lagnaleiðir

Frárennslislagneri eru í grunni. Neyslúvatns- og hitalagnir eru í veggjum og utanálggjandi. Rafflagnir eru í lagnastigum og í veggjum. Upphitun er með ofnum. Vélræn loftræsing er í öllum inniliggjandi rýmum og þar sem þörf krefur vegna búnaðar.

BRUNAVARNIR

Varmadælustöðin er í notkunarflokki 1.

Brunahólfun

Hver hæð verður aðskilið meginbrunahólf EI 90 og skiptist í smærri brunahólf með EI 60 og EI 90 veggjum. Spennarýmið er sér brunahólf hólfað frá rafbúnaðarrými og stigahúsi með REI 90. Rafbúnaðarrými er síðan brunahólfað með REI 90 frá öðrum rýmum. Vélasalur er brunahólfaður frá öðrum rýmum með REI 60 veggjum og E60/EI30 gleri. Anddyri er brunahólfað frá ammoniaksklefa með E 60 gleri. Brunahólfun er sýnd á aðaluppdráttum.

Burðarvirki

Byggingin er að mestu leyti staðsteypt. Burðarvirki byggingarinnar er R90, hæðaskil REI 90 og pak er R60. Veggir að spennarými eru REI 90 (A2,s1-d0). Veggur að rafbúnaðarrými, loftræsi-rými verður REI 90. Milli dælurýmis, stjórnrymis og stigahúss eru REI 60 veggir ásamt E60/EI30 gleri.

Yfirborðsefni

Loft- og veggklæðningar innanhúss eru í flokki 1. Klæðningar í flokki 1 skulu uppfylla skilyrði ÍST EN 13501-1 um flokkunina K210 B-s1,d0. Niðurhengd loft og upphengikerfi skulu vera úr efnum sem uppfylla kröfu um B-s1, d0. Utanhúss klæðningar eru í flokki 1, steinsteypt yfirborð (sjónsteypa) að hluta en annar hluti byggingarinnar er klæddur álklaðningu og flisum.

Yfirborð gólfa í vélasal og rafbúnaðarrými eru steinsteypt með epoxy-kvarts eða máluð og gólf í spennarýmum eru steinsteypt og máluð. Gólf í anddyri og á snyrtingu eru með flisum í flokki Dfl-s1. Pakplata er úr forsteyptum einingum og er einangrað með 200 mm frauðplastí. Pak er klætt með tvöföldum asfaltútk undir polystyreneinangrun og með fargi af sandi sem fer ofan á einangrunina og úthagatorf þar ofan á.

Flóttaleiðir

A.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir eru úr hverju brunahólfi ef frá eru talin rými þar sem ein flóttaleið dugar. Sjá frekari upplýsingar um flóttaleiðir á aðaluppdráttum.

Út- og neyðarlýsing

Útljós og neyðarlýsing skal vera í byggingunni skv. byggingarreglugerð og ÍST EN 1838:2013: Lighting Application - Emergency Lighting og EN 50172:2004: Emergency Escape Lighting Systems. Staðsetning helstu útljósa er sýnd á aðaluppdráttum.

Brunaviðvörðunarkerfi

Viðurkennt, sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi tengt viðurkenndri vaktstöð verður í húsinu, hannað og sett upp skv. reglum Mannvirkjastofnunar og ÍST EN 54. Aðalvaktstöð kerfisins er í anddyri byggingarinnar. En þar er jafnframt skilgreind aðkoma slökkviliðs að byggingunni.

Loftræsikerfi

Loftræsikerfið skal þannig hannað og frá því gengið að það rýri ekki brunahólfun byggingar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna í samræmi við byggingarreglugerð og DS 428 [5]. Loftræsisamstæða verður á 2. hæð byggingarinnar og gert er ráð fyrir að notaðar verði reyk- og brunalokur í loftræsikerfi byggingarinnar.

Handslökkvitæki

Handslökkvitæki verða í byggingunni og skulu vera af viðurkenndri gerð. Þau eru staðsett á göngum, umferðarleiðum og í stærri rýmum.

Reyklosun

Reyklosun úr spennarými (burrsennar) verður um hurðir í útvegg. Reyklosun úr vélasal verður um þrjár 2,0 m² reyklúgur í útvegg suður- og vesturhlíðar. Reyklosun úr öðrum rýmum í byggingunni er um opnanlega dyr. Reyklosun er hönnuð í samræmi við ÍST EN 12101.

Viðhald og eftirlit með brunavörnum

Viðhald og eftirlit brunavarna skal vera skv. Reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna á brunavörnum í atvinnuhúsnæði nr. 200/1994. Gera skal þjónustusamning um eftirlit og viðhald á brunaviðvörðunarkerfi. Gert er ráð fyrir þjónustusamningi um viðhald og eftirlit með handslökkvitækjum, útljósum og neyðarlýsingu.

Frekari upplýsingar um brunavarnir bygginganna er að finna í brunahönnunarskýrslu Verkis sem fylgir aðaluppdráttum.

Stærðir

Flatarmál:	
1. hæð	715,0 m ²
2. hæð	228,7 m ²
Samtals	943,7 m ²

Rúmmál: 5316,5 m³

Lóðarstærð: 2848 m²

Nýtingarhlutfall: 0,33



Útg.	Dags.	Skýring	Br.afi
------	-------	---------	--------

STADUR:
HLÍÐARVEGUR 4
VESTMANNAEYJAR

VERK:
VARMADÆLUSTÖÐ

TEIKNING:
AFSTÖÐUMYND

VERKNR:	MÆLIKVARDI:	TEIKN.NR.:
391	1 : 500 í A1 TEIKNAD / YFIRFARID: 13.3.17 SG/SM/GG	101

OG
ARKITEKTASTOFAN
Garðar Guðnason 240 565 939 9
Sigurður Guðastósson
Þróunartúni 2 IS-105 Reykjavík Sími 562 6833 Fax 562 6835
arkitektastofan@arkitektastofan.is www.arkitektastofan.is

1:500 0 5 10 15 20 25 m